

Samfélagsnefnd

Fundur nr. 39 Dags. 24.03.2022



Fundarstaður: Fjarfundur, kl. 14:00

Á fundinn mættu Þórhallur Jóhannsson formaður, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri. Gunnar Gunnarsson boðaði forföll á fundardegi.

Dagskrá:

1. Staða verkefna
2. Önnur mál

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. Staða verkefna

- Kynningarmál.
 - Árskýrla 2021 var send á hvert póstfang í Fljótsdalshrepp. Auk þess eru nokkur eintök á sveitarstjórnarskrifstofunni og hjá Austurbrú. Skýrslan er einnig aðgengileg á vef sveitarfélagsins og Austurbrú.
 - Innviðagreiningin komin í dreifingu. Umfjallanir m.a. á Austurfrétt.
 - Fréttum og viðburðum deilt á samfélagsmiðla og fréttir fyrir sveitarfélagið settar fram á heimasíðu.
- Heimasíðan, Fljótsdalur.is. Verkefnastjóri sýndi heimasíðuna sem enn er í vinnslu hjá PES og einnig 360° sýndarferðalag um Fljótsdal sem Hafþór Snjólfur hefur unnið og er að fara í loftið. Nefndarmenn sáttir við útlitið eins og það birtist þeim fyrir sjónir.
- Samfélagssjóðurinn. Úthlutunarhátið fór fram 10. mars í Végarði þar sem 14 styrkir voru veittir. Búið er að undirrita nær alla samninga og gengið verður frá fyrstu greiðslum í dag.
- Árskýrla Austurbrúar 2021. Skil á pistli um FFF.
- Ráðgjöf og stuðningur.
- Framhaldið.
 - Opinn kynningarfundur fyrir samfélagið á vindorkugarði í Fljótsdal 29. mars
 - Námskeið í tálgun í ferskan við 1.-2. apríl
 - Kynningarfundur um hringrásarkerfið – Lífræn efni, 3. apríl
 - Fimmtudagskvöldið 7. apríl vinnustofa með sýndarveruleika og örnefnapælingum og hvernig er hægt að nýta síma til minjaskráningar á vegum Gunnarsstofnunar.
 - Matsjá – lokafundur á Laugarbakka 7.-8. apríl.
 - Skipulag námskeiða í samstarfi við stjórn Droplaugar.
 - Örnafnaskráningar, eftirfylgni og aðkoma að skráningu búsetuminja.
 - Skipulag umhverfisdaga – Stóra plokkdaginn í kringum 24. apríl
 - Ársfundur Samfélagssjóðsins 28. apríl.

2. Önnur mál

- Loftslags- og umhverfisstefna. Sveitarstjóri óskaði eftir umsögn frá nefndinni. Svör nefndarinnar er hvatning til sveitarstjórnar um að samþykkja stefnuna.
- Skoðunarferð. SO mun skoða málið miðað við að farið yrði í haust en JFþ lagði til að farið yrði m.a. í heimsókn í Grýtubakkahrepp.

Verkefnastjóri fór af fundi kl. 15:00 til að ná flugi.

Nefndarmenn héldu áfram umræðu um verkefnið.

Næsti fundur 28. apríl með sveitarstjórn kl. 13:00 í Végarði.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 15:30.

ÁHBj ritaði